

## **34. Fundur umhverfis og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 mánudaginn 7. maí 2013 kl.16:00**

Mætt voru: Steinunn Leósdóttir, Jósteynn Hermundsson, Björgvin Þóroddsson, Jón Arnar Beck og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu

### **Dagskrá:**

#### **1. Deiliskipulag urðunarsvæðis við Bakkafjörð.**

Um er að ræða 3.75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði en með deiliskipulaginu er þar gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri urðunar-, námu og geymslusvæði. Skipulagstillagan er gerð með fyrirvara um staðfestu og gildistöku Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027. Tillagan er sett fram á skipulagsupprætti með greinargerð og umhverfisskýrslu unna af Teikn ráðgjöf og hönnun .

Skipulags- og matslýsing dagsett. 7. janúar 2013 var kynnt í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og íbúafundur vegna deiliskipulagstillögunnar var haldinn á Bakkafirði 20. febrúar 2013.

Alls bárust 16 ábendingar frá íbúum á auglýsingatíma skipulags- og matslýsingarinnar, auk ábendinga frá íbúasamtökum Bakkafjarðar. Þær ábendingar sem bárust höfðu ekki í för með sér efnislegar breytingar á tillögunni. Rekstraraðilum svæðisins var gerð grein fyrir efnisatriðum þeirra þar sem óskað var úrbóta á vinnufyrirkomulagi, s.s. vegna aksturs sorpbíls um þéttbýlið Bakkafjörð.

Umsagnir vegna skipulags- og matslýsingarinnar bárust einnig frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun. Gerð hefur verið nákvæmari grein fyrir þeim þáttum tillögunnar sem Skipulagsstofnun hefur óskað eftir, s.s. fornleifaskráningu á svæðinu en Umhverfisstofnun gerði ekki athugasemdir við efni lýsingarinnar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða.

#### **2. Umsókn um frystiklefa.**

Sólco ehf./Grillskálinn Fjarðarvegi 2 er að sækja um að fá að setja 6,25m<sup>2</sup> frystiklefa fyrir aftan skálann. Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við að settur sé upp frystiklefi. Samþykkt samhljóða.

#### **3. Önnur mál.**

Sveitarstjóri fór yfir hvað þarf að gera til að koma málefnum á stað vegna nýs kirkjugarðs.

Lögmætur safnaðarfundur ákveður hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð. Að því loknu er gerð tillaga . Þegar tillaga að staðsetningu og umfangi er komin þá þarf að leita umsagnar heilbrigðiseftirlitsins og skipulagsnefndar um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Sveitarstjóra falið að koma þessum ábendingum til sóknarnefndar Langanesprestakalls.

Fleira ekki gert

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl.17:45.